



Dagsetning: 19. apríl 2023  
Málsnúmer: 2301026/5.0

Til bæjarráðs

## MINNISBLAÐ

### *um samning um barnaverndarþjónustu og fullnaðarafgreiðsluheimildir starfsmanna barnaverndar*

Fram er lagður uppfærður samningur um barnaverndarþjónustu milli Fjarðabyggðar og Sveitarfélagsins Hornafjarðar eftir athugasemdir ráðuneyta sem komu milli umræðna bæjarstjórnar. Fengin var umsögn á samnings- og fylgiskjalsdrög vegna fullnaðarafgreiðslu frá innviðaráðuneyti og mennta- og barnamálaráðuneyti.

Ekki er um verulegar breytingar á milli umræðna aðrar en orðalagsbreytingar og tilvísanir, utan eftirfarandi:

- Samningur tekur ekki gildi fyrr en við staðfestingu mennta- og barnamálaráðuneytis og birtingu auglýsingar í Stjórnartíðindum.
- Kveðið er á um skyldu til upplýsingamiðlunar umráðasveitarfélags til samstarfsaðila.
- Felld er á brott heimild barnaverndarstarfsmanna til að velja leyndan dvalarstað.

Samningurinn um barnaverndarþjónustu og fullnaðarafgreiðsluheimildir er því lagður fram til síðari umræðu bæjarstjórnar.

Gunnar Jónsson

Bæjarritari

